

# LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS



HAFNARHVOLI VÍÐ TRYGGVAGÖTU · P.O. BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354 1 29500 · TELEFAX 354 1 16056 · TELEX 2090 VESSEL IS

*Alþingi*

*Erindi nr. D 116 / 640*

*konudagur 16 / 12 1992*

Reykjavík 15.12.1992

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 8. desember 1992 varðandi umsögun um frumvarp til laga um skattamál, 286. mál.

Þar sem stuttur fyrirvari er gefinn á svari hefur ekki verið hægt að fjalla um þetta frumvarp af stjórn samtakanna.

Með hliðsjón af þeim erfiðleikum, sem íslenskt atvinnulíf á við að stríða um þessar mundir er löngu tímabært að létta álögum af fyrirtækjum í landinu eins og kostur er. Afnáð aðstöðugjalds var því tímabær ráðstöfun.

Valin er sú leið að auka skattheimtu hlutfall hjá einstaklingum, fækka undanþágum í virðisaukaskatti og koma á nýju skattþrepi 14%, koma á sérstakri hækkun bensíngjalds og gripið til sérstakra sparnaðar - og aðhaldsaðgerða. Hér er ekki gerð athugasemd við þessa ákvörðun, þar sem fyrir liggur að sveitarfélögin verða að fá aðrar tekjur í stað aðstöðugjaldsins, fyrst og fremst vegna þess hve lítin fyrirvara þau hafa haft til þess að aðlaga sig þessari breytingu með aukinni hagræðingu og samdrátti í rekstri. Telja verður að þau þurfi nokkru rýmri tími til þess að aðlaga sig aðstöðugjaldsmissinum.

Tekið er undir það sjónarmið, sem fram kemur í athugasemdum við umrætt lagafrumvarp að mikilvægt sé að dregið verði úr hallarekstri ríkissjóðs og lánsfjárbörf annarra opinberra aðila, svo skapa megi skilyrði fyrir lækkun vaxta í þjóðfélaginu. Til þess að ná þessu markmiði verður einnig að leggja mikla áherslu á sparnað í rekstri hins opinbera.

Fagnað er lækkun tekjuskatts lögaðila, enda er hér verið að lækka skatthlutfall þeirra til samræmis við það sem er í nágrannalöndum okkar. Sömuleiðs þeim áformum, sem uppi eru um aukið eftirlit með skattskilum.

Varað er við því að frekar verði skertar þær ívilnanir, sem fjárfestar í hlutafé hafa notið og það hlutfall arðgreiðsla, sem heimilt er að draga frá tekjum verði lækkað úr 15% í 10%. Aukin viðskipti með hlutabréf í fyrirtækjum er mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífsins og þeim möguleika fyrirtækja að fá nýtt áhættufé til rekstrarsins. Sá vísir að hlutabréfamarkaði, sem hér hefur verið að myndast



skiptir atvinnulífið miklu máli. Í ljósi veikrar stöðu atvinnulífsins er ekki óeðlilegt að hafa hvata í skattalögum fyrir fjárfesta til þess að auka fjárfestingu í hlutafé. Þannig er hægt að vega upp fjárfestingu í hlutafé á móti fjárfestingu í t.d. skuldabréfum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna.

*Sveinn Hj. Hjartarson*  
Sveinn Hj. Hjartarson

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
Reykjavík